



MENNTAMÁLASTOFNUN

RAFRÆN SAMRÆMD KÖNNUNARPRÓF –
FYRSTI ÁFANGI

Sveinbjörn Yngvi Gestsson og Þorbjörn Kristjánsson



INNGANGUR

Með bréfi mennta- og menningarmálaráðuneytis, dags. 21. desember 2015, var Menntamálastofnun falið að hefja vinnu við breytingar á lögbundnum samræmdum könnunarprófum í grunnskólum.

Verkefnið er þríþætt:


1. Innleiðing rafrænna samræmdra könnunarprófa í íslensku og stærðfræði sem haldin verða að hausti í 4. og 7. bekk grunnskóla.
2. Innleiðing rafrænna samræmdra könnunarprófa í íslensku, stærðfræði og ensku sem lögð verða fyrir á unglingsstigi.
3. Endurskoðun á innihaldi samræmdra könnunarprófa í ljósi hæfniviðmiða aðalnámskrár grunnskóla.

Hafist var handa við að skipuleggja þetta viðamikla verkefni með aðferðum verkefnastjórnunar. Gert var verkefniságreip, hagsmunahafagreining og samskiptaáætlun, skipað í teymi og samvinna á milli sviða tryggð.

Í septembermánuði 2016 náðist svo merkur áfangi í sögu íslenskrar menntunar þegar allir grunnskólar landsins lögðu samræmd könnunarpróf fyrir 4. og 7. bekk á rafrænu formi í fyrsta sinn. Um var að ræða fyrsta skrefið í átt að rafvæðingu þessara prófa, sem að þessu sinni fólst í að færa hefðbundin, línuleg próf frá pappír yfir í rafrænt umhverfi. Þessari skýrslu er ætlað að greina frá framvindu fyrirlagnanna og leggja mat á hvað vel tókst til og eins hvað betur mætti fara þegar farið verður í annað skref þessarar þriggja ára áætlunar. Einnig verður greint frá niðurstöðum könnunar sem Menntamálastofnun sendi til allra skóla til að skilja betur þeirra upplifun af fyrirlögnunum.


KÖNNUN Á TÆKJAKOSTI.

Menntamálastofnun framkvæmdi könnun í grunnskólum á fjölda, aldri og ástandi allra tækja þeirra sem nauðsynleg voru til rafrænnar fyrirlagnar og tók mið af áætluðum nemendafjölda komandi 4., 7., 9., og 10. bekkinga (prófað var í 9. og 10. bekk vorið 2017). Markmiðið með könnuninni var að fá heildarsýn á tölvukost og nettengingu skóla. Megin niðurstöður könnunarinnar gáfu til kynna að flestir skólar, eða 134 skólar (79%), uppfylltu lágmarksskilyrði hvað varðar nettengingu og tölvukost. Í tilfelli 35 skóla (21%) var ljóst að inngripa var þörf.



Mynd 1. Ástand tölvukosts í skólum, mars 2016.

Ástand tölvukosts var gott í 134 skólum (79%), í 14 skólum var ástandið sæmilegt (8%) og slæmt var ástandið í 21 skóla (12%).



Mynd 2. Ástand nettenginga innan skóla, mars 2016.

Af 169 skólum sem veittu svör var ástand nettengingar góð í 110 skólum (65%). Ástandið var sæmilegt í 40 skólum (24%). Í 14 skólum (8%) var ástandið slæmt og 5 skólar (3%) veittu ekki nægilega greinargóðar upplýsingar um nettengingu. Þegar niðurstöður lágu fyrir hafði stofnunin samband við þá skóla sem gætu þurft að bæta aðbúnað sinn með það að markmiði að þeir gætu lagt prófin fyrir í tvöfaldri fyrirlögn hið mesta. Með samstilltu átaki sveitarfélaga og skóla hefur þetta tekist.

Tækjastaða í skólum tveggja sveitarfélaga, Reykjavík og Hafnarfirði, gat komið í veg fyrir að innleiðing heppnaðist sem skyldi. Í Reykjavík var settur á stað verkefnahópur og skóla- og frístundasvið Reykjavíkur staðfesti að Reykjavíkurborg myndi geta uppfyllt þær kröfur sem fyrirlögn rafrænna samræmdra könnunarprófa krefðist svo framarlega sem boðið yrði upp á tvöfalda fyrirlögn. Samskonar staðfesting barst frá Hafnarfjarðarbæ.

ÆFINGAFYRIRLAGNIR

Í maímánuði ferðuðust fulltrúar stofnunarinnar vítt og breytt um landið og héldu alls tólf kynningarfundum fyrir skólastjórnendur, kennara og fræðslustjóra. Fékk stofnunin góðar og gagnlegar ábendingar og athugasemdir frá fagfólki. Forpróf voru haldin, fyrst í 7. og 10. bekk og var skólum boðið að senda inn umsókn um þátttöku. Færri komust að en vildu og einungis var forprófað í 10 skólum í þeirri lotu. Mikill áhugi var á að taka þátt og því var ákveðið að halda eina æfingafyrirlögn til viðbótar fyrir verðandi fjórðu bekkina og var öllum skólum landsins boðið að taka þátt. Um 3.000 rafrænar prófurlausnir bárust Menntamálastofnun og gekk æfingin á heildina litið vel. Stofnunin sendi í kjölfarið út könnun þar sem þátttökuskólar voru beðnir um að greina frá fyrirlögninni. Óhjákvæmilega lentu einhverjir skólar í vandræðum, einna algengust voru vandræði með innskráningu sem var óþarflega flókin og útheimti mikla handavinnu.

Niðurstöður könnunarinnar gerðu okkur kleift að bæta fyrirkomulagið enn frekar. Meðal þess sem unnið var að var þýðing prófakerfis yfir á íslensku sem Menntamálastofnun vann í samstarfi við erlenda þjónustuaðila prófakerfisins. Þá voru einnig gerðar breytingar á nokkrum innviðum kerfisins, í samræmi við ábendingar sem við fengum á kynningarfundum sem og í forprófunum. Aðgengi var einfaldað að öllum upplýsingum varðandi innleiðinguna og framkvæmd rafrænna samræmdra könnunarprófa. Útbúið var svæði inn á heimasíðu Menntamálastofnunar þar sem finna má framkvæmdahefti, leiðbeiningar og fleiri upplýsingar. Auk þess var innskráning í próf gerð einfaldari og aðgengilegri.

Menntamálastofnun ítrekaði mikilvægi þess að nemendur og kennarar fengju aðgang að æfingaprófum og fékk því leyfi frá erlendum framleiðendum prófkerfisins til að gefa slík próf út fyrir 4. og 7. bekk. Voru prófin samsett úr nokkrum dæmum svipuðum þeim sem nemendur gátu búist við að sjá á rafrænu prófi. Engin takmörk voru á fjölda innskráninga og var þetta því kjörið tækifæri til að skyggjast inn í prófkerfið áður en prófdagur rynni upp. Annar kostur við æfingaprófin var að þau gáfu kost á að prufa innskráningarferlið sem var nánast með sama hætti og innskráning í samræmdu könnunarprófin. Nemendur og kennarar gátu enn fremur spreytt sig á æfingaprófunum jafnt í skólanum sem og heima við.

BREYTINGAR Á PRÓFUNUM.

Rafræn próf gefa kost á að aðlaga próffyrirlögn að færni nemenda, svokölluð aðlöguð samræmd könnunarpróf. Slíkar prófanir krefjast skemmri próftíma til að meta færni

nemenda með svipuðum eða betri hætti en hefðbundin próf. Menntamálastofnun stefnir að því að hefja slík próf á næstu árum.

Ákveðið var að fara strax í að stytta próftímann og prófin sem því nam. Var þetta gert til að gera skólum kleift að leggja fyrir í tveimur lotum á einum skóladegi, auk þess sem þetta er eins og áður sagði yfirlýst markmið innleiðingarinnar. Stafsetningarhluti samræmdra könnunarprófa í íslensku var því færður yfir í Lesferil, stöðupróf sem eru í þróun hjá læsisteymi Menntamálastofnunar. Þannig er hægt að setja upp kerfisbundnar stafsetningarmælingar sem skólar stýra í ríkari mæli sjálfir, óháð öðrum prófum, og hægt er að prófa í fleiri árgöngum en 4. og 7. bekk. Stafsetning er engu að síður prófuð upp að vissu marki í samræmdum könnunarprófum sem hluti af ritunarþætti.

FYRSTU FYRIRLAGNIR Í SEPTEMBER

7. BEKKUR

Fyrirlagnir í 7. bekk fóru fram 22. og 23. september í íslensku og stærðfræði. Boðið var upp á að leggja fyrir í tveimur lotum sama dag þannig að skólar hefðu möguleika á því að skipta stærri bekkjum í tvennt og gátu því með auðveldari hætti nýtt þau tæki og rými sem skólinn bjó yfir. Fyrir vikið var álagið minna á netkerfi og eins prófakerfið sjálft, sem var jákvætt sérstaklega í fyrstu tilraun. Á heildina litið gekk fyrirlögnin í 7. bekk mjög vel.

Í íslenskuprófinu þann 22. september voru engin tæknileg vandamál við innskráningu. Algengasti vandinn sem kom upp var sá að gerðar voru innsláttarvillur þegar einstaklingskóðar nemenda voru slegnir inn. Einnig komu upp nokkur tilvik þar sem skólar höfðu gert mistök við skráningu í Skólagátt og því voru nokkrir nemendur sem ekki fengu einstaklingskóða fyrir próf. Mistökin má að einhverju leyti rekja til þess að flýta varð útgáfu Skólagáttar vegna bilunar í öðru kerfi og því var viðmót hennar ekki fullklárað af forriturum Menntamálastofnunar. Auk þess er um nýtt kerfi að ræða sem skólar voru að spreyta sig á í fyrsta sinn. Hvað fyrirlögnina varðar voru framangreind vandamál þó auðleyst. Tveir skólar lentu í vandræðum með nettengingu innanhúss meðan á prófi stóð. Tafði það eilítið fyrir próffyrirlögninni en skólunum tókst að leysa vandann með því að setja upp fleiri aðgangspunkta í námunda við prófstað. Í einstöku tilfellum kom fyrir að prófið fraus, líklega vegna nettengingarvandamála viðkomandi skóla á ákveðnum tímapunkti prófsins. Í öllum tilfellum var lausnin sú að endurræsa tölvuna og fara aftur inn í prófakerfið. Nemendur hófust svo handa þaðan sem frá var horfið. Alvarlegasti vandinn var sá að í örfáum tilfellum skráðust nemendur út úr prófinu og voru úrlausnir þeirra sendar inn áður en þeir höfðu lokið prófi. Miðað við þau aðföng sem prófakerfið býður upp á við eftirlit fyrirlagna og þau gögn sem Menntamálastofnun hefur yfir að ráða má leiða líkur að því að nemendur hafi í flestum tilfellum skráð sig út sjálfir, annaðhvort viljandi eða fyrir mistök með þeim afleiðingum að úrlausnir prófsins voru sendar inn áður en prófi var lokið. Afar ólíklegt er að um kerfisvillu hafi verið að ræða en þó er engin leið til að fullyrða að slíkt sé hafið yfir allan

vafa. Menntamálastofnun reyndi því að taka tillit til þess eftir fremsta megni við yfirferð eftir atvikum hverju sinni.

Annar alvarlegur vandi kom upp að morgni prófdags 22. september. Sérfræðingar Menntamálastofnunar komust þá að því að vegna uppfærslu Assessment Systems á prófakerfinu viku áður, var ekki mögulegt að rita broddstafi í ritunarþætti íslenskuprófsins. Haldinn var stuttur fundur þar sem ákveðið var að í ljósi stöðunnar yrðu broddstafir ekki hluti af mati á ritunarþætti. Stofnunin brást auk þess strax við og kom skilaboðum á framfæri á Facebook-síðu og heimasíðu stofnunarinnar. Fundin var lausn á vandanum en tekin ákvörðun um að hún yrði ekki nýtt þar sem hún krafðist þess að skólar gerðu breytingar á Veflás á of skömmum tíma.

Stærðfræðiprófið í 7. bekk fór fram þann 23. september. Það er skemmst frá því að segja að sú fyrirlögn gekk enn þá betur en sú sem fram fór deginum áður og augljóst að reynslan frá þeirri fyrirlögn skilaði sér til kennara og umsjónarmanna prófa. Eftir sem áður var algengasti vandinn sá að innsláttarvillur gerðu vart við sig við innskráningu en búið var að lagfæra þann vanda sem upp kom í Skólagátt daginn áður og því voru allir nemendur með prófkóða.

Einn skóli lenti í vandræðum með nettengingu sem tafði nokkuð fyrir próftöku. Starfsmenn skólans leystu þó vandann á skömmum tíma þannig að hægt var að hefja próftöku að nýju.

Alvarlegasti vandinn sneri að reiknivél prófviðmótsins. Nokkrir nemendur lentu í því að hún fraus og ómögulegt reyndist að rita nokkuð í gluggann.

Prófinu var skipt upp í tvo hluta – fyrri hluta án reiknivélar og seinni hluta með reiknivél – og voru nokkrir nemendur sem lentu í vandræðum þegar þeir fóru óvart yfir í seinni hluta án þess að ljúka þeim fyrri en eftir það var fyrri hluta læst til þess að tryggja að nemendur gætu ekki nýtt sér innbyggða reiknivél prófviðmótsins í þeim hluta. Þessi vandi kom okkur þó í opna skjöldu þar sem stilling prófsins var á þá leið að nemendur urðu að svara sérhverri spurningu í fyrri hluta áður en haldið var áfram í þann seinni. Þessi þáttur var enn fremur, líkt og aðrir þættir, sérstaklega prófaður áður en kom að fyrirlögninni þar sem allt virkaði eftir bókinni. Orsökina gæti því verið sú að nemendur hafi einfaldlega skrifað tölu af handahófi í svarreiti í fyrsta hluta til þess að komast á milli spurninga og ætlað sér að koma að þeim síðar. Þeir hafi hins vegar óvart haldið áfram yfir í annan hluta án þess að gera sér fyllilega grein fyrir þeim viðvörunarskilaboðum sem birtust á skjánum. Önnur skýring er sú að þeir hafi einfaldlega ýtt á rangan hnapp þrátt fyrir að hafa séð og gert sér grein fyrir skilaboðunum.

4. BEKKUR

Viku síðar, þann 29. og 30. september var leikurinn endurtekinn fyrir 4. bekk. Sama fyrirkomulag var uppi á teningnum þar sem boðið var upp á að leggja fyrir í tveimur lotum í hvoru prófi fyrir sig. Líkt og með fyrirlagnirnar í 7. bekk gengu fyrirlagnirnar í 4.

bekk afar vel heilt yfir. Algengustu vandamálín voru þau sömu og í fyrirlögn 7. bekkjar, þ.e. innsláttarvillur voru gerðar þegar prófkóðar nemenda voru slegnir inn og mistök höfðu átt sér stað við skráningu nemenda í Skólagátt. Þessi mál voru sem fyrr auðleyst. Í aðeins einu tilfelli þurftu sérfræðingar að gefa út nýjan prófkóða fyrir nemanda eftir að kennarar höfðu gert nokkrar tilraunir til innskráningar á tveimur mismunandi tölvum án árangurs. Erfitt er að segja hvað fór úrskeiðis en líklegast er að um gallaðan prófkóða hafi verið að ræða.

Í örfáum tilfellum lentu nemendur í vandræðum í ritunarþætti íslenskuprófsins. Í þeim tilfellum kom upp vandamál í lyklaborði á iPad þar sem nemendur gátu skrifað texta en ekki farið til baka og lagfært hann. Í öðrum tilfellum fraus lyklaborðið með þeim afleiðingum að ekki var mögulegt að skrifa í ritunarboxið. Í framangreindum tilfellum létu skólar okkur sérstaklega vita og tekið var tillit til þeirra við yfirferð.

Nokkrir nemendur skráðu sig út úr prófinu án þess að klára það. Yfirleitt var það gert að yfirlögðu ráði en Menntamálastofnun bærust örfáar tilkynningar um að kerfisvilla hefði valdið því að nemendur hefðu skráðst út úr prófinu. Á meðan skólum er fyllilega treyst til að meta slík tilvik verður þetta að teljast óvænt þar sem fjölmargar prófanir á kerfinu hafa leitt ljós að ekki er mögulegt að skrá sig út og senda inn niðurstöður nema að ljúka prófinu með hefðbundnum hætti. Prófanir hafa leitt í ljós að kerfisvilla á ekki að geta orsakað að úrlausnir nemenda sendist inn. Sem fyrr er þó ekki hægt að fullyrða að slíkt sé hafið yfir allan vafa og Menntamálastofnun reyndi eftir bestu getu að leyfa nemendum að njóta vafans í slíkum tilfellum. Einnig verður þessi vandi skoðaður nánar í samráði við framleiðendur.

Það skal tekið fram að vandamál varðandi ritunarþátt og útskráningu nemenda voru undantekningartilfelli en áætla má að um 20 slík tilvik hafi komið upp af þeim u.þ.b. 4500 nemendum sem þreyttu prófin. Þó leggur Menntamálastofnun áherslu á að þessum tilfellum sé haldið til haga til þess að hægt sé að vinna að úrbótum.


Í einu tilfelli var Menntamálastofnun tilkynnt að nemandi hefði tekið próf og notað til þess þann prófkóða sem honum var úthlutað. Þegar betur var að gáð í prófkerfinu kom í ljós að engin innskráning hafði átt sér stað með þeim prófkóða og því höfðu engar úrlausnir skilað sér frá tilgreindum nemanda. Menntamálastofnun heimilaði skólanum að leggja prófið aftur fyrir nemandann.

Broddstafir voru einnig vandamál í íslenskuprófi 4. bekkjar.

Stærðfræðiþróf 4. bekkjar var svo lagt fyrir þann 30. september og gekk það afar vel. Innsláttarvilla við innskráningu var eftir sem áður algengasta villan en afar fá slík tilvik gerðu vart við sig samt sem áður. Í nokkrum tilfellum lentu nemendur í vandræðum með reglustikuna í prófakerfinu þegar stærðfræðiþrófið var lagt fyrir. Augljós þjálfunarhrif bæði kennara og nemenda komu í ljós.


KÖNNUN Í KJÖLFAR FYRSTU FYRIRLAGNAR

Eftir að einkunnir voru afhentar var gerð könnun í skólunum um hvernig gengið hefði að leggja prófin fyrir. Spurt var um aðgengi að sérfræðingum Menntamálastofnunar, aðgengi að upplýsingum um fyrirlögn og þess háttar. Hér að neðan verður farið yfir helstu niðurstöður. Könnunin var send 171 skóla, auk starfsstöðva hluta þeirra, og tóku 122 þátt sem er um 71%. Fjölmargar ítrekanir voru sendar og einnig var hringt í alla skóla sem vantaði svör frá.




Mynd 3. Mat skólastjóra á því hvernig fyrirlögn gekk í 4. og 7. bekk.

Sé litið á mynd 3 hér að ofan má greina að fyrirlagnirnar gengu almennt vel fyrir sig. Einungis 1,6% af hlutfalli svarenda greindi frá því að illa hefði gengið. Tæp 83% af hlutfalli svarenda greindi frá því að vel hefði gengið að leggja prófin fyrir og sæmilega gekk hjá 15,6%.




Mynd 4. Mat skólastjóra á því hvernig upplýsingaflæði var í aðdraganda prófanna.

Mynd 4 sýnir svipað form þegar kemur að upplýsingaflæði frá Menntamálastofnun í aðdraganda prófanna. Stærstum hluta svarenda þótti upplýsingaflæðið gott eða 72%. 22% af hlutfalli svarenda þótti upplýsingaflæðið sæmilegt en 6% ófullnægjandi.




Mynd 5. Notkun skóla á úrræðum Menntamálastofnunar og gagnsemi þeirra.

Það mikla magn upplýsinga sem Menntamálastofnun miðlaði til skólanna í undirbúningi prófanna var á margvíslegu formi. Mynd 5 sýnir hvaða upplýsingaform skólarnir nýttu sér til undirbúnings. Algengast var að skólar nýttu sér æfingapróf og framkvæmdahefti til undirbúnings og þóttu upplýsingarnar almennt gagnlegar.



Mynd 6. Mat skólustjóra á aðgengi að sérfræðingum Menntamálastofnunar.


Í aðdraganda prófanna reyndi Menntamálastofnun eftir fremsta megni og eftir bestu getu að svara fyrirspurnum skólastjóra og kennara í tengslum við fyrirkomulag prófanna. Fyrirspurnum var svarað bæði símleiðis og með tölvupósti. Mynd 6 sýnir hvernig skólastjórar mátu aðgengi að sérfræðingum stofnunarinnar í aðdraganda prófanna. 99% svarenda mátu svo að aðgengi hafi verið gott eða sæmilegt en einungis 1% taldi það hafa verið slæmt.



Mynd 7. Mat skólastjóra á upplifun nemenda af fyrirlögninni.

Skólastjórar lögðu einnig mat á hvernig upplifun nemenda var af fyrirlögninni. Sé litið á mynd 7 má sjá að í flestum tilfellum var það mat skólastjóra að nemendur hefðu haft góða eða sæmilega upplifun af fyrirlögninni eða 99% af hlutfalli svarenda. Einungis í 1% tilfella var upplifun nemenda metin slæm. Án efa má rekja þessi hlutföll til góðs undirbúnings kennara, foreldra og nemendanna sjálfra.

HVERNIG GENGU EFTIRFARANDI ATRÍÐI Í UNDIRBÚNINGI OG FYRIRLÖGN
PRÓFANNA?




Mynd 8. Undirbúningur og fyrirlögn prófanna.

Spurt var nánar út í ýmsa þætti í undirbúningi og framkvæmd fyrirlagnarinnar og hvernig nemendum og kennurum hefði gengið við úrlausn þeirra. Mynd 8 sýnir glögglega að flestir þeir þættir sem spurt var um gengu vel fyrir sig. Yfir 80% af hlutfalli svarenda greindu frá því að vel hefði gengið í uppsetningu tækja, innskráningu nemenda, skiptingu á milli lotna og spilun hljóðskráa. Þó voru talsvert meiri vandræði þegar kom að ritunarþætti og notkun reiknivélar og reglustiku en einungis um 40% af hlutfalli

svarenda greindu frá því að vel hefði gengið þegar kom að þessum atriðum í fyrirlögninni. Rímar þetta við þær upplýsingar sem fram komu hér að framan.

VAR PRÓFTÍMI NÆGJANLEGUR FYRIR NEMENDUR ÁN STUÐNINGSÚRRÆÐA?



Mynd 9. Próftími í samræmdum könnunarprófum.

Líkt og greint er frá fyrr í textanum var ákveðið í aðdraganda prófanna að stytta próftímann og prófin sem um því nam. Skiptar skoðanir voru á meðal skólastjóra hvort sú aðgerð hafi tekist fyllilega en taka verður mið af því að um fyrstu fyrirlögn var að ræða og má búast við að þjálfunaráhrif bæði nemenda og kennara með tímanum geti dregið úr þessum vanda að einhverju leyti. Í ljósi þessara upplýsinga má þó búast við að Menntamálastofnun taki lengd prófanna sjálfra til endurskoðunar. Mynd 9 sýnir mat skólastjóra á tímalengd prófana í samræmi við lengd þeirra.

Þrátt fyrir þau vandamál sem tilgreind voru hér að framan, gengu fyrirhagnirnar vel og almennt gætti ánægju meðal kennara og nemenda með hvernig til tókst. Flest vandamálin voru auðleyst og fremur hægt að rekja til mannlegra mistaka en prófakerfisins sjálfs. Sérlega ánægjulegt var fyrir sérfræðinga Menntamálastofnunar að fylgjast með framvindunni þar sem ekki var fullljóst hvort fyrirhagnirnar myndu takast líkt og raun bar vitni, sérstaklega ef litið er til þess hve skammur tími var til stefnu. Það tókst hins vegar með mjög góðu, sameiginlegu átaki Menntamálastofnunar, skóla og sveitarfélaga. Í þessum hluta viljum við útlista þau atriði sem helst stuðluðu að þeim góða árangri sem náðist.

1. Skipulag verkefnisins: frá upphafi var verkefnið skipulagt eins vel og kostur gafst miðað við þann tímaramma sem því var veittur. Allt frá fundum og kynningum með hagsmunaaðilum til útlits prófa og prófumhverfis fóru verkefnin í gegnum ákveðið vinnuferli þar sem reglulegir fundir voru haldnir til að upplýsa um framvinduna og gæta þess að verkefnið væri á réttri braut.

2. Könnun um tækja-aðbúnað skóla: skólar svöruðu könnun Menntamálastofnunar fljótt og vel og því fékk stofnunin skýra mynd af stöðu tölvubúnaðar og netkerfa skóla, þ.á.m. yfirlit yfir fjölda tölva miðað við fjölda nemenda. Menntamálastofnun greindi svörin og hófst strax handa við að leita leiða til að bæta úr stöðu þeirra skóla sem hefðu ekki getað lagt fyrir í tveimur lotum, ýmist vegna þess að tæki skorti eða vegna þess að netaðgengi var ábótavant. Í samvinnu við yfirvöld og skóla tókst að leysa þessi mál.

3. Kynningarmál: vel var staðið að öllum kynningarmálum í undanfara prófanna. Má þar nefna að um 20 fundir voru haldnir víðs vegar um landið þar sem skólustjórum, fræðslustjórum og kennurum var boðið að hlýða á kynningu á undirbúningi og fyrirkomulagi prófanna og koma sínum athugasemdum á framfæri. Góð þátttaka var á allflestum fundum og spunnust gagnlegar umræður um prófin. Tveir þessara funda voru teknir upp og settir á heimasíðu Menntamálastofnunar til þess að allir sem hefðu áhuga gætu kynnt sér málið. Mjög gagnlegt var fyrir stofnunina að heyra álit og væntingar þessara hópa við undirbúning prófanna.

4. Forprófanir vorið 2016: ákveðið var að forprófa rafrænt í skólum víðs vegar um landið apríl/maí árið 2016. Upphaflega var gert ráð fyrir að forprófa einungis í nokkrum skólum í 7. og 10. bekk og var því fyrirkomulagið með þeim hætti að skólar myndu sækja um að forprófa sína bekki. Fljótlega varð ljóst að þörf var á að halda forpróf um allt land og var því sú ákvörðun tekin að forprófa einnig í 3. bekk fyrir allt landið. Því var öllum skólum boðið að taka þátt. Að forprófunum loknum fékk Menntamálastofnun enn skýrari mynd af komandi fyrirhagn haustsins en ella hefði fengist og úr hverju þyrfti að bæta. Með forprófunum fengu kennarar og nemendur einnig að reyna sig á rafrænni fyrirhagn í fyrsta sinn.

5. Útgáfa æfingaprófa: Menntamálastofnun fékk leyfi framleiðenda prófakerfisins til að gefa út æfingapróf til að kennarar og nemendur fengju ráðrúm til að kynna prófakerfinu og venjast því betur að taka rafrænt próf. Stofnunin fékk ekki leyfi til að hafa prófin í fullri lengd en reynt var eftir fremsta megni að hafa prófatriðin sem fjölbreyttust til þess að sýna nemendum hvers væri að vænta í prófi. Kennarar og nemendur gátu einnig æft sig í að skrá sig inn í kerfið en slíkt getur reynst vandasamt ef ferlið er óþekkt, sérstaklega í fjölmennari bekkjum. Kennarar og foreldrar gerðu mjög vel í að þjálfar nemendur og börn sín en innskráningar í æfingaprófin námu nokkrum tugum þúsunda.

6. Gott samstarf við Assessment Systems: Menntamálastofnun átti mjög gott samstarf við framleiðendur prófakerfisins. Brugðust þeir fljótt og örugglega við athugasemdum frá okkur og má geta þess að sumar athugasemdir komu upphaflega frá skólunum sjálfum í gegnum okkur. Ekki gafst tími til að verða við öllum okkar óskum en á meðal úrbóta sem gerðar voru á kerfinu var íslensk þýðing og lausn fyrir N-computing tölvukerfi.

ÞAÐ SEM ENN MÁ BÆTA

Þrátt fyrir að vel hafi tekist til við fyrstu fyrirlögn eru nokkur atriði sem enn þarf að greiða úr til þess að bæta rafræn próf enn frekar. Ber þar helst að nefna mögulegar uppfærslur á prófakerfinu en einnig kunna að vera möguleikar inni í kerfinu sem ekki hefur gefist tími til að fullreyna fyrr en nú. Margt af því sem má bæta er svar við þeim vandamálum sem fram komu í upphafi skýrslunnar.

Brún þörf er á að bæta úr þeim vanda sem gerði vart við sig í tengslum við hjálpargögn prófakerfisins og tryggja að þau virki sem skyldi. Lágmarka þarf þau tilvik þar sem reiknivél, reglustika og gráðubogi frjósa.

Afar gagnlegt gæti verið að innleiða frekari varnagla við útskráningu að prófi loknu. Skoða þarf hvort tilefni sé til og möguleiki sé á að bæta við viðmóti sem biður notendur um að slá inn fjögurra stafa lykilorð við útskráningu til þess að koma í veg fyrir að nemendur skrái sig óvart út úr prófi. Það lykilorð gæti til að mynda fylgt prófkóða hvers nemanda og hefði kennarinn einn vitneskju um hann. Það yrði þá hlutverk kennara að láta nemendum kóðann í té að prófi loknu þannig að þeir gætu skráð sig út í fullri vissu um að hafa lokið prófinu.

Einnig er ástæða til þess að bæta úr ritunarþætti prófakerfisins. Nemendur þurfa að geta farið fram og aftur í textanum og gert lagfæringar telji þeir þörf á. Einnig er vert að skoða hvort mögulegt sé að láta Veflás loka á sjálfvirka leiðréttingu í iPad svo ekki þurfi að muna sérstaklega eftir því að slökkva á þeim möguleika.

Þá er ónefndur Android-vandinn en eins og vitað er keyrir Veflás ekki á Android-tækjum og því er ekki mögulegt að leyfa skólum að leggja fyrir á slík tæki þar sem slíkt myndi ógna öryggi prófanna. Þetta skapaði vandamál fyrir þá skóla sem eiga Android-tæki en með góðum undirbúningi þeirra sem og samvinnu sveitarfélaganna var mögulegt að

útvega þeim tæki til að próffyrirlagnirnar gætu gengið upp. Menntamálastofnun mun fara þess á leit við framleiðendur að kannað verði frekar hvort hægt sé að gefa út lausnir fyrir Android-stýrikerfi þannig að þeir skólar sem eiga Android-tæki geti nýtt þau í framtíðinni við fyrirlögn rafrænna prófa.